




TÆRING MÁLMA Í ANDRÚMSLOFTI Á ÍSLANDI

Áfangaskýrsla 1

31.03.2019



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

2970-277-SKY-001-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

XX

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Þórir Ingason

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Baldvin Einarsson

LYKILORÐ

Tæring, stál, heitgalvanhúðað stál,
ál

STAÐA SKÝRSLU

- Drög
- Drög til yfirlstrar
- Lokið

DREIFING

- Opin
- Dreifing með leyfi verkkaupa
- Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Tæring málma í andrúmslofti á Íslandi

VERKHEITI

Tæring málma í andrúmslofti á Íslandi

VERKKAUPI

Vegagerðin, rannsóknarsjóður

HÖFUNDUR

Baldvin Einarsson

ÚTDRÁTTUR

Verkefnið er framhald rannsóknar um tæringu málma sem hófst árið 1999.

Sýndar eru niðurstöður mælinga á tæringu á 18 ára gömlum sýnum úr hreinu stáli, heitgalvanhúðuðu stáli og áli.

Einnig eru máluð sýni metin og borin saman við staðlaðar skemmdargráður fyrir málningu.

Sýnin voru sett upp í tæringarrekkja á 15 stöðum víðs vegar um landið. Búið var að mæla tæringu á sýnum úr rekkunum eftir 1, 3 og 5 ár.

Sýndar eru niðurstöður þessara mælinga sem þróun tæringar yfir langt tímabil.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Baldvin Einarsson	25.3.19	Vigdís Bjarnadóttir	26.3.19	Baldvin Einarsson	31.3.19
	Lýsing					
02	Höfundur útgáfu	29.12.16	Nafn rýnis	30.12.16	Nafn samþykktaraðlila	31.12.16
	Lýsing					
03	Höfundur útgáfu	29.12.16	Nafn rýnis	30.12.16	Nafn samþykktaraðlila	31.12.16
	Lýsing					
04	Höfundur útgáfu	29.12.16	Nafn rýnis	30.12.16	Nafn samþykktaraðlila	31.12.16
	Lýsing					

SAMANTEKT

Heildstæð rannsókn á tæringu málma á Íslandi hófst árið 1999 með uppsetningu tæringarrekkna á 15 stöðum á landinu. Í tæringarrekkunum voru sýni úr hreinu stáli, heitgalvanhúðuðu stáli og tveimur tegundum af áli. Einnig voru í rekkunum máluð sýni á stál með tveimur mismunandi málningarkerfum. Aðilar að rannsókninni voru Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, Almenna Verkfræðistofan, Verkfræðipjónusta Péturs Sigurðssonar og Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Jón Sigurjónsson hjá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins fór með stjórn verkefnisins.

Reiknað var með að rannsóknin stæði í 10 ár og tæring yrði mæld eftir 1, 3, 5 og 10 ár. Fyrstu þrjár mælingarnar voru gerðar og sá Verkfræðipjónusta Pétur Sigurðssonar um þær. Niðurstöður mælinga fyrstu árána voru birtar bæði hólendur og erlendis. Ekki tókst hins vegar að ljúka síðustu mælingunni eftir 10 ár.

Síðustu sýnin voru loks tekin niður úr tæringarrekkunum árin 2017-18 og tæring mæld eftir 18 ára tæringu. Nokkrir tæringarrekkar voru horfnir þegar hér var komið við sögu þannig að sýni frá 5 stöðum eru týnd. Því voru tekin niður sýni á 10 stöðum víðs vegar um landið, bæði við ströndina og inn til landsins.

Í skýrslunni er meðhöndlun tæringarsýna frá þessum 10 stöðum lýst og helstu niðurstöður birtar. Þannig eru birtar allar niðurstöður mælinga á 18 ára sýnum. Þróun tæringar á 18 ára tímabilinu og tæringarhraði er hins vegar aðeins sýndur á völdum stöðum svo góð mynd fáist af mismunandi aðstæðum kringum landið fyrir málmttegundirnar. Reiknað er með að frekari úrvinnsla mælinga verði birt í lokaskýrslu.

Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.

EFNISYFIRLIT


SAMANTEKT	5
1 INNGANGUR	9
2 NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA EFTIR 1, 3 OG 5 ÁR	11
3 FRAMHALD RANNSÓKNAR	12
3.1 Öflun sýna	12
3.2 Meðhöndlun sýna	15
3.2.1 Merking á sýnum	15
3.2.2 Stálsýni hreinsun	16
3.2.3 Hreinsun á öðrum sýnum	17
3.2.4 Vigtun á sýnum	17
3.2.5 Endurteknar mælingar á eldri sýnum	18
4 NIÐURSTÖÐUR TÆRINGARMÆLINGA	19
4.1 Samanburður á tæringu mismunandi málma	19
4.2 Tæring á stáli	21
4.3 Tæring á síunki	22
4.4 Tæring á áli	23
5 MÁLUÐ SÝNI MAT Á TÆRINGU	25
6 HEIMILDASKRÁ	26
VIÐAUKI A NIÐURSTÖÐUR 18 ÁRA MÆLINGA	27
VIÐAUKI B GRUNNGÖGN	32
VIÐAUKI C MÁLUÐ SÝNI, TÆRINGARMAT OG MYNDIR	62

MYNDASKRÁ

Mynd 1	Mælistaðir.	9
Mynd 2	Tæringarrekkar í Reykjavík.	13
Mynd 3	Tæringarrekkar á Akureyri.	13
Mynd 4	Tæringarrekkar á Höfn í Hornafirði.	13
Mynd 5	Tæringarrekkar í Bolungarvík.	14
Mynd 6	Tæringarsýni frá Bolungarvík. Efri röðin sýnir álsýni en sú neðri stálsýni, heitgalvanhúðað vinstra megin.	15
Mynd 7	Lykilspjald og sýni með númer 89.	16
Mynd 8	Sýni í sýrubaði og Nanna að skola sýni í hreinu vatni.	16
Mynd 9	Slálsýni eftir 1., 2. og 3. þvott.	17
Mynd 10	Vog EFLU með 0,001 g nákvæmni.	17
Mynd 11	Niðurstöður á tæringu á stálsýnum fyrir og eftir endurskoðun.	18
Mynd 12	Niðurstöður á tæringu á sýnum frá Reykjavík (Veðurstofan).	19
Mynd 13	Niðurstöður á tæringu á sýnum frá Reykjavík (Rannsóknarstofa Byggingariðnaðarins).	20
Mynd 14	Niðurstöður á tæringu á sýnum frá Akureyri.	20
Mynd 15	Samanburður á tæringu á stáli eftir mælistöðum.	21
Mynd 16	Samanburður á tæringu á stáli í Kverkfjöllum.	22
Mynd 17	Samanburður á tæringu á sínski á mismunandi stöðum á landinu	23
Mynd 18	Neðri hlið á sýni 43 frá Ólafsvík.	23
Mynd 19	Samanburður á tæringu á áli.	24

1 INNGANGUR

Heildstæð rannsókn á tæringu málma á Íslandi hófst árið 1999 með uppsetningu tæringarekka á 15 stöðum á landinu. Aðilar að rannsókninni voru Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, Almenna Verkfræðistofan, Verkfræðipjónusta Péturs Sigurðssonar og Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Jón Sigurjónsson hjá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins fór með stjórn verkefnisins. Til að fyrirhugaður árangur næðist var einnig leitað til fleiri aðila um stuðning. Þannig komu margir styrktar- og samstarfsaðilar að verkefninu: Rannís, Íbúðalánasjóður, Orkubú Vestfjarða, Rarik, Vegagerðin, Landsvirkjun, Áltak, Málning, Harpa, Sjöfn, Slippfélagið, Vírnet, Garðastál og Sindri.



Tæringarrekkunum var dreift á 15 staði bæði umhverfis landið og inn til landsins, til þess að ná til sem flestra veðursvæða. Tæringarrekkar voru settir upp á eftirtöldum stöðum: Reykjavík (tveir rekkar), Ólafsvík, Bolungarvík, Siglufirði, Akureyri, Þórshöfn, Egilsstöðum, Kverkfjöllum, Neskaupsstað, Höfn í Hornafirði, Vík í Mýrdal, Vestmannaeyjum, Búrfelli, Hveravöllum og Svartsengi. Sjá mynd 1.

MYND 1 Mælistaðir.

Í alla rekka voru sett upp sýni af ómeðhöndluðu stáli, heitgalvanhúðuðu stáli, hreinu áli (1050 A) og veðrunarþolnu manganblönduðu áli (AlMg3).

Þá voru á flestum stöðum sett upp sýni með stöðluðum málningarkerfum og var meiningin að fylgjast með niðurbroti málningarinnar með FT-IR mælitækni. Á 6 stöðum var síðan einnig komið fyrir veðrunarsýnum frá samstarfsaðilum, bæði klæðningarsýnum (Áltak, Vírnet, Garðastál og Sindri) og máluðum sýnum frá málningarframleiðendum (Málning, Harpa, Sjöfn og Slippfélagið).

Sýni voru tekin niður úr veðrunarrekkunum eftir 1 ár, 3 ár og 5 ár og voru niðurstöðurnar birtar í vísindagreinum og í sérritum frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins. Markmiðið var að taka niður síðustu sýnin eftir 10 ár, þ.e. árið 2009, en það fórst fyrir af ýmsum ástæðum en þó sérstaklega vegna fjárskorts.

Í þessari skýrslu, sem er áfangaskýrsla, er farið yfir sögu verkefnisins og gerð grein fyrir útgefnu efni úr verkefninu fyrstu 5 árin. Þá er lýst í þriðja kafla framkvæmd mælinga á 18 ára sýnum og endurteknum mælingum á eldri sýnum. Í fjórða kafla eru síðan helstu niðurstöður kynntar en endanlegar niðurstöður allra mælinga verða að bíða lokaskýrslu. Þó er í töflum í Viðauka A endanlegar mælingar á öllum 18 ára sýnum. Í fimmta kafla er síðan fjallað um máluð sýni og eru niðurstöður skoðunar á þeim að finna í Viðauka C. Í Viðauka B í skýrslunni eru skönnuð gögn um upphafsþyngdir allra sýna sem sett voru upp árið 1999 ásamt vigtun eftir 1 ár, þ.e. árið 2000-2001.

Verkefnið er unnið á Eflu verkfræðistofu. Verkefnisstjóri er Baldvin Einarsson, verkfræðingur. Björn Marteinnsson, verkfræðingur og arkitekt, dósent við Háskóla Íslands hefur verið til ráðgjafar og einnig hefur verið samráð við Jón Sigurjónsson, verkfræðing, sem var verkefnisstjóri í upphaflega verkefninu á vegum Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Þá höfum við notið aðstoðar Tryggva Péturssonar á Verkfræðiþjónustu Péturs Sigurðssonar sem hefur góðfúslega veitt aðgang að öllum upprunalegu gögnum verkefnisins.

Hreinsun og vigtun á sýnum var gerð á Rannsóknarstofu EFLU. Páll Höskuldsson, yfirmaður efnarannsóknna, sá um blöndun á hreinsivökva en Kristín Helgadóttir og Nanna Óttarsdóttir, verkfræðinemar, sá um hreinsun og vigtun á 18 ára sýnunum. Vigdís Bjarnadóttir, mannvirkja-jarðfræðingur sá um hreinsun og vigtun á eldri sýnum.

Verkefnið og helstu niðurstöður þess voru kynntar á rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar í nóvember 2018.

2 NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA EFTIR 1, 3 OG 5 ÁR

Hluti sýna voru tekin niður úr tæringarrekkunum eftir 1, 3 og 5 ár og sá Verkfræðiþjónusta Péturs Sigurðssonar um vinnslu þeirra og vigtun. Þyngdin var síðan borin saman við upphafsþyngd þeirra og tæringin reiknuð sem þyngdarmismunur, umreiknaður í tæringu á flatareiningu.

Niðurstöður mælinga á tæringu fyrstu 5 ár tilraunarinnar hafa verið gerð góð skil, bæði í útgefnum fréttabréfum Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins og í greinum í innlendum og erlendum tímaritum. Hér er yfirlit yfir útgefið efni með niðurstöðunum:

Björn Marteinson og Jón Sigurjónsson (2002). *Tæring málma í andrúmslofti á Íslandi – Kortlagning tæringarhraða*. Í Ragnar Ragnarsson (ritstj.), *Árbók VFÍ TFÍ 2002* (bls. 229-235). Reykjavík: Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands.

Marteinson, Björn; J. Sigurjónsson (2002). *Corrosion of metals – mapping of the environment in Iceland*. Proc. 9th International Conference on Durability of Building Materials and Components 9DBMC, Brisbane, Australia, 17.–21. March 2002.

Marteinson, Björn; J. Sigurjónsson, P. Stefánsson, P. Sigurðsson (2004). *Atmospheric corrosion of metals in Iceland – three year results*. Proc. 13. Scandinavian Corrosion Congress, Reykjavík, Iceland, 18.-20. April 2004.

Marteinson, Björn; J. Sigurjónsson, P. Stefánsson, P. Sigurðsson (2005). *Atmospheric corrosion of metals in Iceland – characterization of the environment and five year results*. 10DBMC International Conference on Durability of Building Materials and Components. Lyon (France) 17.-20. April 2005.

Jón Sigurjónsson (2001). *Tæring málma og æskileg tæringarvörn við íslenskar aðstæður– Lokaskýrsla verkefnisstjóra*. Skýrsla til Rannís og samstarfsaðila verkefnisins. Rb, September 2001.

Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, Almenna verkfræðistofan og Verkfræðiþjónusta Péturs Sigurðssonar. Upplýsingabæklingar með niðurstöðum mælinga eftir eins árs prófanir og eftir þriggja ára prófanir.

3 FRAMHALD RANNSÓKNAR

3.1 Öflun sýna

Þegar árið 2017, 18 árum eftir uppsetningu tæringarekkanna, höfðu nokkrir þeirra verið teknir niður. Það á við um rekkana á Siglufirði, Egilsstöðum, Neskaupsstað, Vík í Mýrdal og Vestmannaeyjum. Í Vík voru rekkarnir teknir niður fyrir 2-3 árum með sýnunum á svo hægt var að ná sýnunum úr rekkunum óskemmdum. Tæringarekkarnir sem enn stóðu voru almennt í góðu standi og voru flest sýni sem taka átti niður eftir 10 ár ennþá í rekkunum í góðu ásigkomulagi.

Þegar ákveðið var að fara í rannsókn á tæringu á hægtryðgandi stáli með styrk frá Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar árið 2017 og velja staði fyrir tæringarsýni lá beint við að skoða hvort nota mætti tæringarrekkana frá 1999. Þá sparaðist mikill tími og fyrirhöfn auk þess sem tæringarrekkar kosta allmikið fé í framleiðslu og uppsetningu. Var því hægt að koma upp sýnum á mun fleiri stöðum en ella. Fengið var leyfi frá verkefnisstjóra fyrra verkefnis, Jóni Sigurjónssyni, til að nota rekkana. Þá kom einnig upp sú hugmynd að taka niður 10 ára sýnin úr rekkunum núna eftir 18 ár, mæla tæringu þeirra og gefa niðurstöðurnar út. Þannig væri hægt að ljúka því rannsóknarverkefni og koma niðurstöðunum á framfæri svo þær gætu nýst við hönnun mannvirkja á Íslandi. Því voru sýni í rekkunum sem taka átti niður eftir 10 ár tekin niður jafnóðum og sýnin úr hægtryðgandi stálinu voru sett upp.

Þegar styrkur fékkst úr Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar árið 2018 var farið í að taka niður sýni út öllum tæringarrekkum sem eftir voru. Á Siglufirði, Egilsstöðum, í Neskaupsstað, Vík í Mýrdal og Vestmannaeyjum fundust ekki tæringarrekkar og því engin sýni. Yfirlit yfir niðurtekin sýni er að finna í töflu 1.



MYND 2 Tæringarrekkar í Reykjavík.



MYND 3 Tæringarrekkar á Akureyri.





MYND 4 Tæringarrekkar á Höfn í Hornafirði.



MYND 5 Tæringarrekkar í Bolungarvík.

TAFLA 1 Yfirlit yfir öll sýni sem tekin voru niður árið 2018.

Staður	Stálbert	Galvanhúðað	Ál (1050)	Ál (AlMg3)	Málað kerfi 1	Málað kerfi 2	Samtals
Reykjavík 1	2	2	2	2	2	2	12
Reykjavík 2	2	2	2		2	2	10
Ólafsvík	2	2	2		2	2	10
Bolungarvík	2	2	2	2			8
Akureyri	2	2	2	2	2	2	12
Þórshöfn	2	2	2		2	2	10
Kverkfjöll	2	2	2		2	2	10
Höfn í Hornafirði	2	2	2		2	2	10
Vík í Mýrdal	2	2	2	2	2	2	12
Búrfell	2	2	2	2			8
Hveravellir	2	2	4	4	4	4	20
Svartsengi	2	4	2				8
Samtals:	24	26	24	14	20	20	128




MYND 6 Tæringarsýni frá Bolungarvík. Efri röðin sýnir álsýni en sú neðri stálsýni, heitgalvanhúðað vinstra megin.

3.2 Meðhöndlun sýna

3.2.1 Merking á sýnum

Í upphafi voru sýnin merkt með því að bora göt á ákveðinn stað á hverju sýni. Lausnalykill, líkt og á mynd 7, boraður í ryðfrítt stál er svo notaður til að lesa út númer sýnisins.



MYND 7 Lykilspjald og sýni með númer 89.


Öll sýni sem tekin voru niður úr tæringarrekkum voru mynduð í bak og fyrir áður en þau voru meðhöndluð.

3.2.2 Stálsýni hreinsun

Stálsýni voru fyrst vigtuð og síðan ryðhreinsuð. Ryð var fjarlæggt í samræmi við staðal, ÍST EN ISO 8407. Þar er gerð krafa um að sýnin séu þvegin í saltsýrublöndu í 10 mínútur.

Iron and steel	500 ml of hydrochloric acid (HCl, $\rho = 1,19 \text{ g/ml}$) 3,5 g of hexamethylenetetramine Distilled water to make 1 000 ml	10 min	20 °C to 25 °C	An increased number of pickling intervals or longer times may be required in certain circumstances.
----------------	---	--------	----------------	---

Ef ryðið hverfur ekki eftir fyrstu böðun skal baða aftur í 10 mínútur í senn eftir skolun í hreinu vatni, þangað til allt ryð er horfið.



MYND 8 Sýni í sýrubaði og Nanna að skola sýni í hreinu vatni.

Þar sem sýnin höfðu verið 18 ár í tærandi umhverfi var nauðsynlegt að þvo sum sýni allt að þrisvar, og nokkur sýni voru þvegin fjórum sinnum.



MYND 9 Slálsýni eftir 1., 2. og 3. þvott.

3.2.3 Hreinsun á öðrum sýnum

Við skoðun á sýnum úr heitgalvanhúðuðu stáli og sýnum úr áli var ákveðið að ekki þyrfti að hreinsa þau fyrir vigtun. Tæringarefni á yfirborði reyndust vera mjög lítil eða engin. Svo virðist sem veðurfar á landinu hreinsi yfirborðið á báðum hliðum þessara sýna nægilega.

3.2.4 Vigtun á sýnum

Sýnin voru vigtuð bæði fyrir og eftir þvott. Stálsýni og heitgalvanhúðuð sýni voru vigtuð með vog sem hefur nákvæmni upp á $\pm 0,1$ g en álsýni með vog sem hefur $\pm 0,001$ g nákvæmni.




MYND 10 Vog EFLU með 0,001 g nákvæmni.

3.2.5 Endurteknar mælingar á eldri sýnum

Við skoðun á niðurstöðum fyrir 18 ára sýni úr hreinu stáli kom í ljós að kerfislæg villa var í fyrri gögnum, þ.e. sýnum sem tekin voru niður eftir 5 ár, eða árið 2004. Við nánari skoðun á grunngögnum kom í ljós að öll sýni úr rannsókninni frá upphafi voru ennþá til í geymslu hjá Verkfræðipjónustu Péturs Sigurðssonar. Við skoðun á sýnunum var ljóst að þau höfðu ekki verið þvegin nægilega vel og er líklegt að þeim hafi einungis verið dýft einu sinni í saltsýruna í 10 mínútur. En eins og fram kom áður dugði ein niðurdýfing ekki til að hreinsa allt ryð af sýnunum. Voru þau sýni því þvegin betur og endurvigtuð. Til öryggis voru líka eins árs og þriggja ára sýnin hreinsuð og vigtuð. Alls voru því 32 eins árs, 22 þriggja ára sýni og 21 fimm ára sýni, eða alls 75 sýni þvegin og vigtuð.

Við þessa endurskoðun urðu allar niðurstöður trúverðugar. Dæmi um áhrif endurskoðunar má sjá á grafinu hér að neðan. Í ljós kom að fyrir eins árs sýni var nægilegt að dýfa sýnum einu sinni, þar eru leiðréttingar litlar sem engar. Heldur stærri munur var á þriggja ára sýnum og lang mestur var hann á fimm ára sýnunum.




MYND 11 Niðurstöður á tæringu á stálsýnum fyrir og eftir endurskoðun.

4 NIÐURSTÖÐUR TÆRINGARMÆLINGA


4.1 Samanburður á tæringu mismunandi málma

Dæmigerðar niðurstöður tæringarmælinga á stáli, heitgalvanhúðuðu stáli og tveimur gerðum af áli eru sýndar á myndum 12 og 13 fyrir tvo mælistaði í Reykjavík og á mynd 14 fyrir mælistaðinn á Akureyri. Þar sést að stál tærist mjög hratt fyrstu árin, en síðan dregur úr tæringarhraðanum og er hann líklega orðinn jafn eftir 5-10 ár. Þetta er almennt í góðu samræmi við niðurstöður tæringarmælinga annar staðar.


Niðurstöður fyrir sink og ál virðast hins vegar sýna jafna tæringu frá upphafi eða lítið eitt aukinn tæringarhraða með tíma. Á myndunum sést einungis ein lína fyrir ál. Það er vegna þess að tæring á álsýnunum var nánast sú sama bæði í Reykjavík og á Akureyri.



MYND 12 Niðurstöður á tæringu á sýnum frá Reykjavík (Veðurstofan).



MYND 13 Niðurstöður á tæringu á sýnum frá Reykjavík (Rannsóknarstofa Byggingariðnaðarins).



MYND 14 Niðurstöður á tæringu á sýnum frá Akureyri.

Eins og sést á línuritunum er ekki mikill ávinningur í að skoða tæringu þessara mismunandi málma á sömu myndinni. Til þess eru niðurstöðurnar of ólíkar. Hér á eftir verða því niðurstöðurnar sýndar fyrir hvern málmi fyrir sig og reynt að bera saman tæringu á mismunandi stöðum á landinu.



Niðurstöður tæringarmælinga sýna að tæring er mjög misjöfn á Íslandi eftir landshlutum. Á myndunum hér að ofan sést þó að tæring er sú sama á Háleitinu við Veðurstofuna og á þaki Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins á Keldnaholti. Má því reikna með að tæring sé jöfn á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Til samanburðar eru líka sýndar niðurstöður frá Akureyri. Þar sést að tæring á stáli er um helmingi minni fyrir norðan. Hún er hins vegar einungis fjórðungur fyrir sink. Munurinn er hins vegar mun minni fyrir ál.

Niðurstöður á tæringu allra sýna eftir 18 ár er að finna í Viðauka A aftan við meginmál skýrslunnar.

4.2 Tæring á stáli


Samanburður á tæringu eftir landshlutum er sýndur á eftirfarandi myndum fyrir stál.



MYND 15 Samanburður á tæringu á stáli eftir mælistöðum.

Þegar gröfin hér að ofan eru borin saman þá sést að sunnan heiða er mun meiri tæring en fyrir norðan. Þó er tæring á Þórshöfn svipuð og í Reykjavík, Ólafsvík og Bolungarvík, þ.e. 80-100 µm á 18 árum. Það vekur athygli að Búrfell sem er meira en 100 km frá sjó skuli vera með svipaða tæringu og sjávarplássin fyrir sunnan og vestan. Akureyri og Hveravellir eru þar langt fyrir neðan með um helming. Þeir eru greinilega inn til landsins fyrir norðan. Svo eru Vík og Vestmannaeyjar í sérflokk. Því miður var tæringarrekkinn horfinn í Vestmannaeyjum en 5 ára mælingin bendir til enn meiri tæringar þar en í Vík.

Svo er rétt að vekja athygli á niðurstöðum frá Kverkfjöllum sem eru á næstu mynd. Hér er tæringarhraðinn mjög ólíkur því sem sjá má annars staðar. Tæringarsýni frá Kverkfjöllum voru ekki tekin á sömu árum og annars staðar sem breytir myndinni aðeins. Tæring er mjög lítil í upphafi, mun minni en á Akureyri til dæmis. En línan sýnir jafnan tæringarhraða frá upphafi til enda, beina línu. Nú eru Kverkfjöll í regnskugga norðan Vatnajökuls svo það kemur ekki á óvart að tæring sé lítil þar. Mælingin eftir 18 ár er hins vegar ekki svo langt frá Akureyri. Skýringanna er vafalaust að finna í eldgosinu í Holuhrauni á árunum 2014-15. Þá kom upp mikið magn af brennisteinsgufum sem lagði um allt NA-land. Sögusagnir herma að þá hafi tæring stórukist á Austurlandi.




MYND 16 Samanburður á tæringu á stáli í Kverkfjöllum.

4.3 Tæring á síunki

Þótt tæringarhraði á síunki fari í grófum dráttum eftir tæringarhraða stáls þá er samspil staðsetningar og veðráttu við tæringuna flóknari.

Á mynd 17 er valið að taka saman niðurstöður víðs vegar að. Hér skipa Akureyri og Bolungarvík sér saman í hóp með litla tæringu. Ólafsvík er hins vegar með nærri tvöfalt hraðari tæringu en í Reykjavík.



MYND 17 Samanburður á tæringu á sínski á mismunandi stöðum á landinu




MYND 18 Neðri hlið á sýni 43 frá Ólafsvík.

Skýringin á mikilli tæringu í Ólafsvík gæti tengst því að sínskhúðin var eftir 18 ár orðin mjög þunn á neðri hlið sýnanna og stálið undir var farið að tærast.

4.4 Tæring á áli

Tæring á áli virðist vera mjög lítil. Hún hegðar sér greinilega líka öðruvísi, en engin tæring virðist vera farin af stað eftir 5 ár. Við völsun á áli myndast oxíðhimna á yfirborðinu sem er mjög tæringarþolin. Þegar hún brotnar niður byrjar álið að tærast.



MYND 19 Samanburður á tæringu á áli.

Þar sem engar mælingar voru gerðar frá 5 árum að 18 árum er ómögulegt að sjá hvenær tæringin á álinu hófst. Þar með er einnig ómögulegt að finna tæringarhraðann eftir að hún hefst.

Af myndinni sést að tæring á áli virðist óháð staðsetningu. Það kemur á óvart þar sem alltaf er reiknað með að ál tærist hraðar í söltu umhverfi. Einnig kemur á óvart að báðar áltegundirnar virðast tærast jafnhrað. Niðurstöðurnar gefa til kynna að það sé lítill kostur við að nota betra álið, AlMg3, í stað hreins áls, A1050.

Það á hins vegar eftir að vinna betur úr niðurstöðum fyrir tæringu á áli.

5 MÁLUÐ SÝNI, MAT Á TÆRINGU

Á tæringarrekkunum frá 1999 voru máluð sýni; 2 grámáluð og 2 rauðmáluð. Grámáluðu sýnin voru með málningu á heitgalvanhúðun en rauðu sýnin voru máluð á sandblásinn flöt.

Málningakerfin sem notuð voru fyrir máluðu stálsýnin eru bæði Akryl kerfi. Kerfin voru valin skv. ÍST EN ISO 12944-5 en ekki er tekið fram hvaða útgáfa af staðlinum var notuð. Reynt var eftir bestu getu að áætla samsvarandi kerfi í ÍST EN ISO 12944-5:2007. Helgi Grétar Kristinsson, málarameistari og iðnskólakennari, sá um að mála sýnin.

Kerfið sem notað var fyrir sinkhúðaða stálið (grá málning) var skv. gögnum kerfi S9.06 sem samsvarar A7.06 í ÍST EN ISO 12944-5:2007. Kerfið er notað í umhverfi í flokki C3, sem er umhverfi þar sem tæring er í meðallagi. Áður en málun hefst þarf að hreinsa sinkhúðina með sérstökum hreinsiefnum. Síðan er settur grunnur sem er 40 µm á þykkt og loks yfirmálun sem er 80 µm á þykkt. Heildarmálningaþykkt er þá 120 µm. Málariinn skrifaði verklýsingu þar sem hann greindi frá því að hann hafi hreinsað sýnin, málað grunn, eina milliumferð og lokaumferð. Ekki er til mæling á málningarþykktum í upphafi.

Kerfið sem notað var fyrir sandblásna stálið (rauð málning) var skv. gögnum kerfi S1.25. Samsvarandi kerfi í ÍST EN ISO 12944-5:2007 er A1.12. Í verklýsingu málara stóð að grunnur hafi verið málaður, þrjár milliumferðir og lokaumferð. Skv. staðli ætti heildarþykkt málningar að vera 240 µm en skv. málara var hún 220 µm. Ekki er heldur til mæling á málningarþykktum í upphafi.

Staðallinn sem notaður var til að meta sýnin var ÍST EN ISO 4628-3:2016. Staðallinn er notaður til að meta magn ryðs á máluðu stáli. Sýni eru borin saman við ljósmyndir í staðli. Ljósmyndirnar sýna húðuð stályfirborð sem hafa orðið fyrir mismiklu niðurbroti vegna ryðmyndunar á yfirborði stálsins. Flokkarnir eru frá Ri 0, engin ryðmyndun, til Ri 5, mikil ryðmyndun.

Máluðu stálsýnin sem metin voru höfðu verið uppi í 18-19 ár. Ekki stóð til að hafa þau uppi í svo langan tíma og því var ryðmyndun á köntum vegna festinga orðin talsverð. Útbúinn var rammi, 1 cm á þykkt og hann lagður ofan á sýnin til að hylja kantana. Lagt var mat á það svæði sem féll innan rammans. Á sumum sýnanna var áberandi meira ryð á köntunum sem virðist ekki vera eftir festingarnar.

6 HEIMILDASKRÁ

Um heimildir sjá kafla 2.

VIÐAUKI A NIÐURSTÖÐUR 18 ÁRA MÆLINGA

Bolungarvík

Nr	Tegund	Sett upp	Tekið niður	Tími uppi [ár,mán,dagar]	Tæring [µm]	Tæringar- hraði [µm/ári]	Tæringarhraði meðaltal [µm/ári]
74	AlMg 3	13.9.1999	10.8.2017	17, 10, 28	2,36	0,13	0,13
75	AlMg 3	13.9.1999	10.8.2017	17, 10, 28	2,48	0,14	
59	1050A	13.9.1999	10.8.2017	17, 10, 28	2,70	0,15	0,15
60	1050A	13.9.1999	10.8.2017	17, 10, 28	2,54	0,14	
17	St 1	13.9.1999	10.8.2017	17, 10, 28	82,79	4,62	4,53
18	St 1	13.9.1999	10.8.2017	17, 10, 28	79,29	4,43	
15	Zink	13.9.1999	10.8.2017	17, 10, 28	6,45	0,36	0,37
16	Zink	13.9.1999	10.8.2017	17, 10, 28	6,72	0,38	

Reykjavík við Veðurstofu

Nr	Tegund	Sett upp	Tekið niður	Tími uppi [ár,mán,dagar]	Tæring [µm]	Tæringarhraði [µm/ári]	Tæringarhraði meðaltal [µm/ári]
104	AlMg 3	29.9.1999	16.8.2017	17, 10, 18	2,87	0,16	0,16
105	AlMg 3	29.9.1999	16.8.2017	17, 10, 18	2,87	0,16	
29	1050A	29.9.1999	16.8.2017	17, 10, 18	2,90	0,16	0,16
30	1050A	29.9.1999	16.8.2017	17, 10, 18	2,90	0,16	
46	St 1	29.9.1999	16.8.2017	17, 10, 18	92,33	5,16	4,91
47	St 1	29.9.1999	16.8.2017	17, 10, 18	83,11	4,65	
7	Zink	29.9.1999	16.8.2017	17, 10, 18	14,03	0,78	0,85
8	Zink	29.9.1999	16.8.2017	17, 10, 18	16,19	0,91	

Reykjavík (þak Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins)

Nr	Tegund	Sett upp	Tekið niður	Tími uppi [ár,mán,dagar]	Tæring [µm]	Tæringarhraði [µm/ári]	Tæringarhraði meðaltal [µm/ári]
94	1050A	1.10.1999	4.7.2018	18, 9, 3	3,27	0,17	0,18
96	1050A	1.10.1999	4.7.2018	18, 9, 3	3,30	0,18	
31	St 1	1.10.1999	4.7.2018	18, 9, 3	88,92	4,74	4,79
60	St 1	1.10.1999	4.7.2018	18, 9, 3	90,87	4,84	
49	Zink	1.10.1999	4.7.2018	18, 9, 3	14,70	0,78	0,83
51	Zink	1.10.1999	4.7.2018	18, 9, 3	16,55	0,88	

Ólafsvík

Nr	Tegund	Sett upp	Tekið niður	Tími uppi [ár,mán,dagar]	Tæring [µm]	Tæringarhraði [µm/ári]	Tæringarhraði meðaltal [µm/ári]
2	1050A	20.8.1999	23.8.2017	18, 0, 3	3,19	0,18	0,18
4	1050A	20.8.1999	23.8.2017	18, 0, 3	3,41	0,19	
57	Stál	20.8.1999	23.8.2017	18, 0, 3	104,25	5,79	5,71
20	Stál	20.8.1999	23.8.2017	18, 0, 3	101,40	5,63	
43	Zink	20.8.1999	23.8.2017	18, 0, 3	26,48	1,47	1,47
46	Zink	20.8.1999	23.8.2017	18, 0, 3	26,39	1,47	

Þórshöfn

Nr	Tegund	Sett upp	Tekið niður	Tími uppi [ár,mán,dagar]	Tæring [µm]	Tæringarhraði [µm/ári]	Tæringarhraði meðaltal [µm/ári]
82	1050A	26.8.1999	30.10.2017	18, 2, 4	2,82	0,16	0,16
83	1050A	26.8.1999	30.10.2017	18, 2, 4	2,91	0,16	
100	Stál	26.8.1999	30.10.2017	18, 2, 4	91,26	5,02	4,74
101	Stál	26.8.1999	30.10.2017	18, 2, 4	81,00	4,46	
64	Zink	26.8.1999	30.10.2017	18, 2, 4	5,50	0,30	0,29
71	Zink	26.8.1999	30.10.2017	18, 2, 4	5,10	0,28	

Akureyri

Nr	Tegund	Sett upp	Tekið niður	Tími uppi [ár,mán,dagar]	Tæring [µm]	Tæringarhraði [µm/ári]	Tæringarhraði meðaltal [µm/ári]
119	AlMg 3	26.8.1999	1.11.2017	18, 2, 6	3,00	0,17	0,16
120	AlMg 3	26.8.1999	1.11.2017	18, 2, 6	2,90	0,16	
21	1050A	26.8.1999	1.11.2017	18, 2, 6	2,74	0,15	0,15
22	1050A	26.8.1999	1.11.2017	18, 2, 6	2,87	0,16	
7	St 1	26.8.1999	1.11.2017	18, 2, 6	40,20	2,21	2,33
8	St 1	26.8.1999	1.11.2017	18, 2, 6	44,54	2,45	
39	Zink	26.8.1999	1.11.2017	18, 2, 6	4,24	0,23	0,24
40	Zink	26.8.1999	1.11.2017	18, 2, 6	4,51	0,25	

Höfn í Hornafirði

Nr	Tegund	Sett upp	Tekið niður	Tími uppi [ár,mán,dagar]	Tæring [µm]	Tæringarhraði [µm/ári]	Tæringarhraði meðaltal [µm/ári]
78	1050A	17.8.1999	6.10.2017	18, 1, 19	2,67	0,15	0,15
84	1050A	17.8.1999	6.10.2017	18, 1, 19	2,74	0,15	
88	Stál	17.8.1999	6.10.2017	18, 1, 19	108,20	5,97	5,71
89	Stál	17.8.1999	6.10.2017	18, 1, 19	98,94	5,46	
83	Zink	17.8.1999	6.10.2017	18, 1, 19	10,51	0,58	0,57
84	Zink	17.8.1999	6.10.2017	18, 1, 19	10,33	0,57	

Vík í Mýrdal

Nr	Tegund	Sett upp	Tekið niður	Tími uppi [ár,mán,dagar]	Tæring [µm]	Tæringarhraði [µm/ári]	Tæringarhraði meðaltal [µm/ári]
92	AlMg 3	17.8.1999	5.10.2017	18, 1, 18	2,64	0,15	0,15
93	AlMg 3	17.8.1999	5.10.2017	18, 1, 18	2,75	0,15	
43	1050A	17.8.1999	5.10.2017	18, 1, 18	0,87	0,05	0,07
44	1050A	17.8.1999	5.10.2017	18, 1, 18	1,68	0,09	
38	Stál	17.8.1999	5.10.2017	18, 1, 18	141,43	7,80	7,58
39	Stál	17.8.1999	5.10.2017	18, 1, 18	133,46	7,36	
31	Zink	17.8.1999	5.10.2017	18, 1, 18	4,78	0,26	0,29
32	Zink	17.8.1999	5.10.2017	18, 1, 18	5,86	0,32	

Búrfell

Nr	Tegund	Sett upp	Tekið niður	Tími uppi [ár,mán,dagar]	Tæring [µm]	Tæringarhraði [µm/ári]	Tæringarhraði meðaltal [µm/ári]
94	AlMg 3	31.8.1999	29.11.2017	18, 2, 29	3,64	0,20	0,35
106	AlMg 3	31.8.1999	29.11.2017	18, 2, 29	9,18	0,50	
75	1050A	31.8.1999	29.11.2017	18, 2, 29	3,10	0,17	0,17
76	1050A	31.8.1999	29.11.2017	18, 2, 29	3,28	0,18	
82	Stál	31.8.1999	29.11.2017	18, 2, 29	78,38	4,30	4,29
84	Stál	31.8.1999	29.11.2017	18, 2, 29	78,10	4,28	
89	Zink	31.8.1999	29.11.2017	18, 2, 29	15,43	0,85	0,83
90	Zink	31.8.1999	29.11.2017	18, 2, 29	14,79	0,81	

Hveravellir

Nr	Tegund	Sett upp	Tekið niður	Tími uppi [ár,mán,dagar]	Tæring [µm]	Tæringarhraði [µm/ári]	Tæringarhraði meðaltal [µm/ári]
107	AlMg 3	5.10.1999	28.9.2017	17, 11, 23	3,12	0,17	0,18
108	AlMg 3	5.10.1999	28.9.2017	17, 11, 23	3,31	0,18	
96	AlMg 3	5.10.1999	28.9.2017	17, 11, 23	3,34	0,19	
97	AlMg 3	5.10.1999	28.9.2017	17, 11, 23	3,27	0,18	0,17
